

REGLUGERÐ

167

17. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 162 1949, um þjóðleikhús.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara og gerir við þá ráðningarsamning, sbr. 4. gr. Leikarar skulu ráðnir til eins árs í senn eða lengri tíma, allt að fimm árum, eða í einstök hlutverk. Leikár telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningarsamningar miðast við leikár eða frá þeim tíma, er þeir ganga í gildi og til loka leikársins, nema um ráðningu í einstök hlutverk sé að ræða. Hvor aðili, þjóðleikhússtjóri og fastaráðinn leikari, getur sagt upp samningi, enda sé það gert eigi síðar en þrem mánudum áður en ráðningartíminn er útrunninn. Ef hvorugur aðili segir upp samningi fyrir tilgreindan tíma, framlengist hann óbreyttur um jafnlangan tíma og hann gildi áður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

GJALDSKRÁ

168

17. nóv.

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 3.00 hverja kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur kr. 15.00 á ferm. á ári.
— ganga, geymslur o. þ. h. — 4.00 á ferm. á ári.

B. Notkun til heimilisþarfa.

Um kwst.-mæli á kr. 0.80 hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 7.00 á mánuði, af hverju íbúðarherbergi, þar með talin eldhús. Geymslur og ganga skal ekki telja. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Ef meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm. má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi, en 5 ferm. hálfu herbergi.